

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á Vesturlandssvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim og matvælalögum nr. 93/1995 með síðari breytingum, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 14.741

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni í eftirlitsáætlun skv. útlögðum kostnaði.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
-------------------	----------------

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu	hálf tímagjald
---------------------------------	----------------

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1296/2016 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á Vesturlandssvæði.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, 29. desember 2017.

Helgi Helgason framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI A

ÍSAT 95-númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,5	9.213
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	51.594
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	66.335
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2	132.669
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	132.669
52.31.0.0	Apótek	0,33	23.954
85.11.5.0	Áfengis meðferð	0,5	31.325
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	22.112
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	9.213
15.81.0.3	Bakarí	1	73.705
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvöru	1	36.853
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	1	66.335
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	2	103.187
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfsafgreiðsla	1	36.853
50.20.0.4	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	35.010
50.20.0.5	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	38.695
50.20.0.2	Bifreiða- og/eða vélaverkstæði, lítið	0,5	15.810
50.30.0.3	Bílapartasölur	1	40.538
15.96.0.0	Bjórgerð	1	73.705
28.52.0.1	Blikksmiðaverkstæði	0,25	11.056
52.48.8.0	Blómaverslanir	0,25	9.213
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,25	18.428
50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	33.127
55.23.0.2	Gististaður og/eða orlofshúsasvæði án veitingasölu	0,5	22.112
55.23.0.1	Gististaður og/eða orlofshúsasvæði með veitingasölu	0,5	29.482
85.32.1.1	Dagforeldri með 6 börn eða fleiri	0,5	23.954
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili	1	70.020
85.20.0.1	Dýralæknastofur	0,25	11.056
37.20.0.3	Endurvinnsla seyru	1	36.853
75.23.0.1	Gæsluvarðhald	0,5	36.853
75.23.0.2	Fangelsi	1	73.705
55.21.0.1	Farfuglaheimili og gistiskálar	0,5	25.797
85.32.6.1	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi með eldhúsi	1	70.020
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	31.325
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu	1	58.964
51.17.2.0	Fiskmarkaðir	0,5	25.797
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	14.741
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	1	51.594
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	23.954
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta	0,5	29.482
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	23.107
15.61.0.02	Framleiðsla á fullunnu korni/morgunkorni	1	88.446
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	0,5	44.223
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	66.335
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	66.335
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og safa	1	88.446

ÍSAT 95- númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,25	11.056
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	35.010
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	1	81.076
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	81.076
24.20.0.1	Garðauðun	0,25	25.797
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	22.112
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	26.755
55.12.0.1	Gistiheimili án veitingasölu, lítið (< 16 manns)	0,5	27.639
55.12.0.2	Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (16-50 manns)	0,5	29.482
55.12.0.3	Gistiheimili án veitingasölu, stórt (> 50 manns)	1	66.335
80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis	0,5	40.538
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	81.076
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1	73.705
52.62.0.1	Götuleikhús og tívolí	1	55.279
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,25	22.112
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og/eða snyrtistofur	0,5	23.954
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti	1	58.964
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	13.820
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga (6-10 börn)	0,5	23.954
15.20.4.1	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	73.705
92.62.0.1	Hestahald (hestúshaverfi)	0,5	11.056
40.33.1.0	Hitaveitur	0,5	22.112
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	0,25	11.977
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið (< 50 manns)	1	73.705
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 manns)	2	121.613
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 manns)	2	161.151
15.20.5.1	Hrognavinnsla	0,25	11.381
01.42.0.2	Hundahótel og kattahótel	0,5	10.134
85.14.9.4	Húðflúrstofur	0,25	55.279
15.52.0.0	Ísgerð	2	44.452
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	35.010
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	88.446
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,25	11.977
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	25.797
96.62.0.2	Kappaksturs- og æfingabrautir	0,5	27.639
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimila	0,25	11.977
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimilum	0,5	31.325
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu	1	66.335
15.13.0.2	Kjötvinnsla	1	58.964
55.40.0.1	Krár, kaffihús	1	66.335
15.87.0.0	Krydd- og bragðefnaframleiðsla	0,5	51.594
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	35.010
63.12.0.1	Kæli- og frystigeymslur	0,5	15.810
15.82.0.2	Kökugerð	1	47.908
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá lítil	1	22.112
92.31.01	Leikhús án matvælasölu	0,5	31.325
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1	88.446
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	88.446
85.32.2.3	Leikvellir	0,5	31.325

ÍSAT 95-númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
15.42.0.1	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	1	33.167
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar	0,5	25.797
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	25.797
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	33.167
24.42.0.0	Lyfjagerð	1	25.561
85.12.2.1	Læknastofur	0,25	11.977
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám. Langtímastarfsemi	0,25	15.662
52.62.0.0	Markaðir	1	55.799
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs (51-100 manns)	2	73.705
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir (17-50 manns)	1	58.964
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	62.649
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu	1	58.964
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu	1	73.705
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	0,5	31.325
15.51.0.0	Mjólkurbú og/eða ostagerð	1	29.482
15.20.7.1	Mjólvinnsla úr sjávarafurðum	1	62.649
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	25.797
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	64.492
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	1	44.223
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum	0,25	15.662
93.04.0.6	Nuddstofur	0,5	27.639
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	58.964
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	27.639
22.22.9.1	Prentiðnaður	0,25	14.741
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,25	11.977
92.62.0.0	Reiðhallir án veitinga	0,25	12.898
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	58.964
15.33.0.2	Salatgerð	1	73.705
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	22.112
55.40.0.3	Samkomustaðir án eldhúss	0,5	23.954
85.32.6.5	Samkomustaðir með fullbúnu eldhúsi	1	70.020
85.11.1.2	Sjúkrahús	1	81.076
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	11.977
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	66.335
92.61.0.8	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	15.662
92.72.0.1	Skotvelli	0,25	11.977
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe og afrennsli á land	2	66.335
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir (< 50 manns)	1	66.335
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	73.705
50.20.0.12	Smurstöðvar	0,5	33.167
	Snyrtihús á ferðamannastöðum	0,25	14.741
52.33.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	0,5	28.561
24.52.0.1	Snyrtivöruverslun	0,5	35.010
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	0,5	17.505
93.04.0.4	Sólbaðsstofur	0,5	23.954
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	10.134
55.14.0.1	Starfsmannabúðir (< 16 manns)	1	33.167
55.12.0.4	Starfsmannabústaðir (< 16 manns)	0,5	22.112

ÍSAT 95- númer	Atvinnugrein	Tíðni	Gjald kr.
55.12.0.5	Starfsmannabústaðir (16-100 manns)	0,5	25.797
55.12.0.6	Starfsmannabústaðir (>100 manns)	1	47.908
35.11.0.1	Stálsmiði og stálskipagerð	1	33.167
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	73.705
80.10.0.4	Sumarbúðir barna/ungmennabúðir	1	66.335
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	55.279
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	125.299
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	103.187
01.12.1.2	Svepparækt	1	44.223
01.23.0.1	Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða < 750 stæði fyrir gyltur	1	88.446
01.23.0.2	Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur	2	176.892
85.33.6.3	Söfn	0,25	11.056
52.11.3.2	Söluturnar/sælgætisverslanir	1	44.223
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,25	11.977
55.22.0.1	Tjaldstæði án hjólhýsastæða	0,25	19.458
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	0,5	33.167
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	12.898
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	12.898
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	29.482
80.10.0.6	Útihátíðir	1	36.853
41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	1	33.167
41.00.0.7	Vatnsveitur < 150 íbúa	0,5	14.741
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	4	88.446
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	6	176.892
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	11.977
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski	0,5	29.482
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	21.890
40.10.0.3	Virkjanir	0,5	29.482
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	0,5	22.112
63.12.0.1	Vörugeymslur	0,5	25.797
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	11.977
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	27.639
63.23.0.3	Æfingasvæði slökkviliðs	0,5	11.977
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	12.898
80.42.9.0	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	0,25	14.741